

Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins

2014-2020



Útgefið af Rannís - Rannsóknamiðstöð Íslands
Reykjavík desember 2021
Umbrot: Hnotskógur grafísk hönnun
ISBN 978-9979-887-06-5

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Horizon 2020 - Rannsóknir og nýsköpun	7
Erasmus+ og European Solidarity Corps	17
1. Stöðugur vöxtur í þátttöku leik-, grunn- og framhaldsskóla	19
2. Fjölbreytt verkefni í fullorðinsfræðslu	21
3. Aukin færni og nýsköpun í háskólum	23
4. Æskulýðsverkefni takast á við hindranir í samfélaginu	24
5. Evrópusamstarf skipar sér fastan sess í starfsmenntun	27
Creative Europe	29
1. Culture - Menning	29
2. MEDIA - Kvikmyndir	31
Yfirlit yfir töflur og myndir	
Tafla 1. Styrkir í evrum á hvern íbúa	5
Tafla 2. Árangur Íslands eftir undiráætlunum Horizon 2020	12
Tafla 3. Helstu samstarfslönd Íslands í Horizon 2020 og 7. rannsóknáætlun ESB	15
Tafla 4. Helstu samstarfslönd Íslands í Erasmus+	17
Tafla 5. Umsóknir og verkefni styrkt af Erasmus+ og ESC	18
Tafla 6. Umsóknir og verkefni styrkt í sérstökum umsóknarfresti um COVID-verkefni 2020	19
Tafla 7. Umsóknir og verkefni styrkt í skólahluta Erasmus+	19
Tafla 8. Umsóknir og verkefni styrkt í fullorðinsfræðsluhluta Erasmus+	21
Tafla 9. Umsóknir og verkefni styrkt í háskólahluta Erasmus+	23
Tafla 10. Umsóknir og verkefni styrkt í æskulýðshluta Erasmus+ og European Solidarity Corps	25
Tafla 11. Umsóknir og verkefni styrkt í starfsmenntahluta Erasmus+	27
Tafla 12. Creative Europe - menning: Árangur Íslands eftir undiráætlunum	30
Tafla 13. Creative Europe - MEDIA: Árangur Íslands eftir tegundum styrkja	31
Mynd 1. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa	11
Mynd 2. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa skipt eftir stoðum áætlunarinnar	11
Mynd 3. Horizon 2020: Árangurshlutfall umsókna	14
Mynd 4. Horizon 2020: Heildarþátttökutilvik á hverja tíu þúsund íbúa	14
Mynd 5. Creative Europe: Fjármagn í evrum á hvern íbúa	29

Inngangur

Ísland hefur tekið virkan þátt í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins (ESB) frá árinu 1994 þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) tók formlega gildi. Allt frá gildistöku samningsins hefur Ísland tekið þátt í rannsóknáætlunum ESB á sviði rannsókna og þróunar og hefur Rannís haft umsjón með þeirri þátttöku frá upphafi. Á árinu 2013 færðist einnig til Rannís umsýsla áætlana á sviði menntunar og þjálfunar sem Háskóli Íslands hafði séð um og á sviði menningar, sem Kvikmyndamiðstöð Íslands hafði haft umsjón með. Á árinu 2017 fluttist svo æskulýðsáætlun ESB til Rannís frá Ungmennafélagi Íslands.

Í þessari samantekt eru birtar upplýsingar um árangur Íslands í þeim fjórum áætlunum ESB sem Rannís hefur umsjón með: Horizon 2020 á sviði rannsókna- og nýsköpunar, Erasmus+ og European Solidarity Corps á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsmála og sjálfböðastarfa og Creative Europe í kvikmyndum og menningu. Samantektin nær til sjö ára tímabils samstarfsáætlanna, 2014-2020.

Þetta er þriðja útgáfa samantektarinnar sem var fyrst gefin út árið 2017. Tilgangurinn er að veita yfirlit um samstarfið og árangurinn af þátttöku Íslands í áætlununum. Leitast er við að koma á framfæri upplýsingum sem nýtast annars vegar íslenskum stjórnvöldum og hagaðilum við stefnumótun og skipulag og hins vegar almenningi í landinu sem hyggur á Evrópusamstarf á komandi árum.

Hér eru fyrst teknar saman heildarupplýsingar um þróunina frá upphafi þátttöku Íslands í áætlununum og gerð grein fyrir styrkveitingum til Íslands og kostnaði Íslands vegna þátttökunnar. Fjallað er um árangur af sókn í þær áætlanir sem spanna tímabilið 2014-2020 og sett fram dæmi til að skýra betur í hverju ávinningur af þátttökunni felst.

Óhætt er að fullyrða að árangur af sókn íslenskra aðila í evrópskri samkeppni hafi verið góður og hefur umfangið aukist mjög í takt við stækkandi áætlanir á hverju tímabili. Þetta sést greinilega þegar þátttaka hér á landi er borin saman við aðrar þjóðir sem hafa verið valdar til samanburðar, nágrennaþjóðir og smáríki eins og sjá má í töflu 1. Í þeim áætlunum sem hér eru til umfjöllunar hafa hærri styrkir runnið til stofnana og samtaka hér á landi miðað við höfðatölu en þekkist annars staðar. Þetta ber vitni um mikinn metnað og áhuga hér á landi fyrir samstarfi við aðrar þjóðir í Evrópu. Þannig hefur þátttaka í áætlununum skilað fjárhagslegum ávinningi en meira máli skiptir þó ávinningurinn í formi aukinnar þekkingar og nýsköpunar, en ekki síður í fleiri tækifærum til samstarfs fyrir íslenska vísindamenn, kennara, nemendur, listamenn og aðra þátttakendur frá skólum, stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum.

Tafla 1. Styrkir í evrum á hvern íbúa

Land	Horizon 2020	Erasmus+ og ESC	Creative Europe
Ísland	393,7 €	148.7 €	17.7 €
Danmörk	304,3 €	32.6 €	7.8 €
Finnland	271,9 €	43.0 €	3.0 €
Noregur	316,5 €	30.6 €	4.9 €
Svíþjóð	220,7 €	27.0 €	3.8 €
Írland	241,4 €	31.9 €	3.7 €
Lúxemborg	319 €	70.2 €	10.8 €
Malta	73,3 €	103.7 €	1.4 €

Eitt af mörgum hlutverkum Rannís er að styðja við þekkingarsamfélagið á Íslandi með aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Evrópskt og norrænt samstarf er umfangsmikið í starfsemi Rannís sem er helsta þjónustustofnun á Íslandi á þessu sviði. Það er mat Rannís að vel hafi tekist til með framkvæmd evrópskra samstarfsáætlana og að árangur íslenskra aðila hafi verið mjög góður. Það verður áskorun að halda jafngóðum árangri í næstu kynslóð áætlana sem hófu göngu sína í ársbyrjun 2021. Um leið er mjög mikilvægt að vel takist til, því framþróun samfélagsins byggir á alþjóðlegu samstarfi. Markaðir eru erlendis, þekking og aðföng eru einungis í litlum mæli aðgengileg hér á landi og því brýnt að stuðla að umfangsmiklu alþjóðlegu samstarfi og tengslaneti, en slíkt styrkir samkeppnisstöðu landsins. Þá skipta ekki síður sköpum þau sterku áhrif sem þátttaka í Evrópusamstarfi hefur á færni fólks til að taka virkan þátt í samfélaginu og leggja sitt af mörkum í þágu friðar, hagsældar og sjálfbærrar þróunar.



Horizon 2020

Rannsóknir og nýsköpun

Horizon 2020, rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB er langstærsta og umfangsmesta rannsóknáætlunin frá upphafi, en heildar fjármagn hennar er nærri 80 milljarðar evra á tímabilinu 2014-2020.

Markmið Horizon 2020 er að styðja við rannsóknir og nýsköpun á öllum sviðum með það að markmiði að auka samkeppnishæfni Evrópu, skapa störf og stuðla að því að fleiri góðar viðskiptahugmyndir komist á markað. Í áætluninni er lögð sérstök áhersla á þátttöku fyrirtækja, ekki síst lítilra og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin endurspeglar grundvallarmarkmið stefnu ESB til 2020 um að styðja sjálfbærar hagnætur í Evrópu.



Horizon 2020 skiptist í þrjár meginstöðir sem skiptast í undiráætlanir eftir viðfangsefnum eins og sjá má hér að ofan. Auk þess ganga tvær hliðaraðgerðir með sértæk markmið þvert á fræðasvið, annars vegar áætlun um að styðja við vítækari þátttöku nýrra aðildarríkja ESB og hins vegar vísindi í þágu samfélagsins sem snýr að stuðningi við vandaða starfshætti í vísindum, vísindakennslu, vísindamiðlun, opinn aðgang og jafnrétti í rannsóknum. Rúmlega 90% af heildar fjármagni Horizon 2020 er ráðstafað til aðalstoðanna þriggja, Öndvegisrannsókna (*Excellent Science*), Forystu í atvinnulífi (*Industrial Leadership*) og Samfélagsáskorana (*Societal Challenges*). Sífellt er lögð ríkari áhersla á þverfaglegt samstarf og tók sú þróun stórt stökk í Horizon 2020 þegar horfið var frá því að nefna undiráætlanir eftir fræðasviðum en í stað þess talað um samfélagslegar áskoranir, þar sem ólík svið rannsókna eru leidd saman til að leita lausna þverfaglegra viðfangsefna.

Fjárfesting ESB í verkefnum styrktum af Horizon 2020 sem Íslenskir aðilar hafa tekið þátt í frá upphafi áætlunarinnar nemur um 1,3 milljarði evra en þar af nema beinir styrkir til Íslenskra aðila rúmlega 144 milljónum evra. Þetta er nærri tvöföldun á styrkjum til Íslenskra aðila frá tímabilinu 2007-2013 sem er framúrskarandi árangur. Þetta er mun meira en sem nemur aukningu í fjárveitingu til áætlunarinnar og Íslendingar hafa þannig aukið hlut sinn milli áætlana.

Frá upphafi Horizon 2020 hafa verið sendar inn 1.517 gildar umsóknir með Íslenskri þátttöku. Ísland hefur fengið stuðning við 299 verkefni eða tæplega 20% umsókna, sem telst vera nokkuð hátt árangurshlutfall. Framlög til Íslenskra aðila á þeim sjö árum sem áætlunin hefur nú starfað er alls ríflega 144 milljónir evra sem dreifast til 386 Íslenskra þátttökutílvika. Þátttaka Íslands hefur náð til allra stöða og undiráætlana Horizon 2020 nema Viðtækari þátttöku (*Widening Participation*) en þar er um að ræða sértæka aðgerð sem er ætlað að styrkja rannsókn- og nýsköpunarumhverfi nýrra aðildarríkja ESB.

Almennt hafa Íslenskir aðilar verið virkir í Horizon 2020, dreifing umsókna er nokkuð góð, en ljóst má vera að bæði virkni og árangur er breytilegur eftir sviðum (sjá töflu 2, bls. 12). Í Samfélagsáskorunum hafa sóknarpungi og árangur Íslenskra aðila farið saman og þá sérstaklega í undiráætlunum á sviði orkumála (*Secure, Clean and Efficient Energy*), fæðuöryggis, landbúnaðar, sjávarrannsókna og lífhagkerfis (*Food Security, Sustainable Agriculture and Forestry, Marine, Maritime and Inland Water Research and the Bioeconomy*), og loks á sviði heilbrigðisrannsókna og lýðheilsu (*Health, Demographic Change and Wellbeing*). Virkni Íslendinga hefur einnig verið töluverð í Öndvegisrannsóknum og Forystu í atvinnulífi en þar hefur ásókn verið mest í undiráætlanirnar upplýsinga- og samskiptatækni (*Information and Communication Technologies*) og mannauðsáætlunina (*Marie Skłodowska-Curie Actions*).

Heilt yfir má segja að Íslensk þátttaka hafi verið með ágætum í Horizon 2020 og virkni Íslenskra aðila dreifist yfir alla áætlunina. Í samanburði við fyrri rannsóknáætlanir ESB vekur þó athygli að töluverð aukning hefur verið á virkni og árangri Íslendinga í rannsóknum á sviði orkurannsókna og einnig í samgönguáætluninni (Smart, Green and Integrated Transport). Ásókn í heilbrigðis- og lýðheilsuáætlunina er enn nokkuð góð en árangurshlutfall hefur dregist saman frá því sem áður var.

Ef heildarárangur Íslendinga er skoðaður út frá því hve margar evrur renna til hvers íbúa, sjá mynd 1 bls. 11, má sjá að árangurinn í heild sinni stenst vel samanburð við önnur ríki. Þar kemur í ljós að það fjármagn sem borist hefur hingað til lands nemur um 393,7 evrum á hvern Íslending (m.v. fólksfjölda árið 2020). Árangur Íslands er því töluvert betri en þeirra samanburðarlenda sem litið er til, en á eftir Íslandi kemur Lúxemborg með 319 evrum á hvern íbúa, Noregur með 316,5 evrum á íbúa og loks Danmörk sem kemur fast á hæla Noregs með 304,3 evrum á hvern íbúa. Meðaltal ESB er svo töluvert lægra eða ríflega 134 evrum á hvern íbúa.

Djúpborun á lág hitasvæðum



Tilgangur með rannsóknarverkefni DEEPEGS er að sýna fram á að framleiða megi orku úr djúplægum jarðhitakerfum

HS Orka leiðir DEEPEGS verkefnið, sem hlaut tæpar 20 milljónir evra úr Horizon 2020, en auk þeirra standa ÍSOR og GEORG að verkefni, sem og þátttakendur frá Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Noregi. Styrkurinn er einn sá hæsti sem veittur var til verkefnis undir íslenskri stjórn í Horizon 2020 og nýttist 45% af styrknum, eða 9,5 milljónir evra, beint til rannsókna á Íslandi. Tilgangur verkefnisins var að sýna fram á að framleiða megi orku úr djúplægum

jarðhitakerfum sem örvuð eru með hjálparaðgerðum af einhverju tagi, t.d. með niðurdælingu vatns um borholur niður í funheitt berg. Verkefnið gekk þannig út á að bora dýpra og komast í meiri hita og meiri þrýsting, annars vegar á Reykjanesi og hins vegar í Frakklandi, til að sýna fram á að hægt sé að ná nægilega mikilli orku til að framleiða rafmagn en einnig til hitaveitu, eða í einhvers konar iðnaðarstarfsemi þar sem hitinn væri nýttur.¹

¹ Heimild: <https://www.hsorka.is/framleidsla/djupborun/>

Handverk sem menningararfur




Handverk sem menningararfur

Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetrið á Blönduósi taka þátt í verkefninu CENTRINNO sem styrkt er af Horizon 2020 og stýrt af Comune di Milano. Aðrir íslenskir þátttakendur eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskóli Íslands. Verkefnið snýst um að nota menningararfinn sem innblátur til nýsköpunar og blása lífi í fyrrum blómleg borgarhverfi og landshluta og er mikil áhersla lögð á að nýta möguleika


Erlendur listamaður vefur í gömlum vefstól sem námsmeyjar Kvennaskólans ófu í á sínum tíma

stafrænnar tækni. Stefnt er að því að efla Textílmíðstöð Íslands sem blómlega miðstöð þar sem sérfræðingar, hönnuðir, handverks- og listafólk og kennarar á textílsviði geta fengið aðgang að nútímalegri aðstöðu til rannsókna, þróunar og kennslu. Styrkurinn skapar tækifæri til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á sviði textíl á landsvísu. Heildarstyrkur til íslenskra aðila er 794.000 evra.²

² Heimild: <https://www.textilmidstod.is/is/thekkingarsetur/samstarf/verkefni-i-vinnslu>

Mynd 1. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa

Sé litið til þess hvernig styrkir í evrum á hvern íbúa skiptast niður á mismunandi hluta Horizon 2020, má sjá að árangur Íslands í heild sinni stenst vel samanburð við önnur ríki, sjá mynd 2. Árangur Íslands er afgerandi þegar litið er til styrkja úr þeirri stoð áætlunarinnar sem snýr að samfélagslegum áskorunum, en þaðan hafa styrkirnum numið tæplega 85 milljónum evra, sem er tæplega 59% alls þess fjármagns sem komið hefur til Íslands úr Horizon 2020, eða sem samsvarar 231 evru á hvern Íslending.

Mynd 2. Horizon 2020: Styrkir í evrum á hvern íbúa skipt eftir stoðum áætlunarinnar

Í töflu 2 má sjá heildaryfirlit yfir þátttöku Íslands í Horizon 2020 þar sem fram kemur fjöldi umsókna, fjöldi styrktra verkefna, árangurshlutfall miðað við umsóknir, heildarupphæð stuðnings frá ESB í viðkomandi verkefnaflokkum og hlutfallsleg skipting fjármagns á milli áætlana.

Af þeim 299 verkefnum sem Íslendingar taka þátt í, eru 128 verkefni undir íslenskri verkefnastjórn, eða tæplega 43%.

Tafla 2. Árangur Íslands eftir undirátatlunum Horizon 2020

Stoðir	Undirátælanir	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Árangurs-hlutfall umsókna	Fjármagn til verkefna (Evrur)	Skipting styrkja milli flokka (hlutfall)
Öndvegissráðgjafi (Excellent Science)	1. Styrkir Evrópska rannsóknaráðsins (ERC)	46	5	10,87%	7.621.496	28%
	2. Stuðningur við framtíðartækni (FET)	42	2	4,76%	455.360	0,32%
	3. Marie Sklodowska-Curie (MSCA)	262	40	15,27%	9.842.166	6,82%
	4. Stuðningur við rannsóknarinnviði (RI)	36	19	52,78%	4.731.551	3,28%
	Samtals	386	66	17,10%	22.650.573	15,70%
Forysta í atvinnulífi (Industrial Leadership)	1. Forysta í tækniþróun					
	I. Upplýsinga- og samskiptatækni (ICT)	96	20	20,83%	6.011.852	4,17%
	II. Örtækni, efnistækni og framleiðsla	8	1	12,50%	50.000	0,03%
	III. Efnistækni, líftækni og framleiðslutækni	32	7	21,88%	5.490.423	3,86%
	IV. Geimvísindi	12	2	16,67%	37.779	0,03%
	2. Aðgangur að áhættufjármagni	1		0,00%		0,00%
	3. Nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum	318	45	14,15%	20.333.938	14,09%
Samtals	467	75	16,06%	31.923.992	22,13%	
Samfélagsáskoranir (Societal Challenges)	1. Heilbrigðisvísindi og lýðheilsa	79	18	22,78%	13.609.300	9,43%
	2. Fæðuöryggi, landbúnaður og sjávarrannsóknir	167	39	23,35%	17.765.949	12,31%
	3. Orka	107	37	34,58%	38.327.404	26,57%
	4. Samgöngur	43	12	27,91%	1.427.170	0,99%
	5. Umhverfi, loftslagsmál og auðlindir	62	19	30,65%	6.110.189	4,24%
	6. Evrópskt samfélag í breyttum heimi	76	12	15,79%	1.795.644	1,24%
	7. Öryggi og samfélag	29	6	20,69%	1.318.135	0,91%
	8. Samfélagsáskoranir - þverfagleg verkefni	19	3	15,79%	4.410.794	3,06%
	Samtals	582	146	25,09%	84.765.585	58,75%
Víðtækari þátttaka (Spreading Excellence and Widening Participation)	Samvinna rannsóknastofnana	3		0,00%		0,00%
	Samtals	3		0,00%		0,00%
Vísindi í þágu samfélagsins (Science with and for Society)		38	8	21,05%	1.709.593	1,18%
	Samtals	38	8	21,05%	1.709.593	1,18%
Þverfaglegar umsóknir (Cross-theme)	Þverfagleg verkefni	41	4	9,76%	3.226.130	2,24%
	Samtals	41	4	9,76%	3.226.130	2,24%
Samtals		1.517	299	19,71%	144.274.873	100,00%

Virgni og árangur Íslands í Samfélagsáskorunum stenst vel samanburð við viðmiðunarþjóðir. Tæplega 58% af því fjármagni sem fallið hefur íslenskum aðilum í skaut hefur komið til vegna styrkja úr þeirri stoð. Flestar umsóknir með íslenskri þátttöku berast einnig í þennan hluta Horizon 2020, eða 582 af 1.517 gildum umsóknum, sem nemur rétt rúmum 38% umsókna. Stuðningur fékkst við 146 af þessum 582 umsóknum sem er rétt rúmlega 25% árangurshlutfall.


Íslenskir umsækjendur hafa átt umsóknir í allar undirátlanir innan Samfélagsáskorana. Flestar umsóknir eða 167 hafa borist í áætlun um fæðuöryggi, landbúnað og sjávarrannsóknir, þar sem styrktar umsóknir eru 39, eða rúmlega 23% árangurshlutfall. Næstflestar umsóknir bárust í orkuáætlunina eða 107 umsóknir, þar af voru styrktar 37 umsóknir sem er tæplega 35% árangurshlutfall. Heilbrigðisvísindi og lýðheilsa kemur svo þar á eftir en 79 umsóknir hafa borist í þann málaflökk, þar sem styrkt verkefni eru 18 talsins sem gerir tæplega 23% árangurshlutfall.

Þegar árangur Íslands í undirátlanum Samfélagsáskorana er skoðaður sést að þar er þátttaka í orkuáætluninni langmestur, en rúmar 38 milljónir evra af þeim tæplega 85 milljónum evra sem runnið hafa til íslenskra aðila innan stoðarinnar hafa komið í gegnum verkefni á sviði orkurannsóknna, eða tæp 27% af því heildarfjármagni sem komið hefur til Íslands úr Horizon 2020.


Næst flestar umsóknir frá íslenskum aðilum hafa borist um styrki úr þeirri stoð Horizon 2020 sem nefnist Forysta í atvinnulífi (*Industrial leadership*) eða 467 talsins. Stuðningur fékkst við 75 verkefni eða rúm 16% umsókna. Í þessari stoð er mesta virknin í undirátlan sem snýr að nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem gengur alla jafna undir heitinu „SME áætlunin“. Fjöldi umsókna þar er 318 og samþykkt verkefni 45, sem þýðir að árangurshlutfall Íslendinga er rúm 14% sem þykir nokkuð gott þar sem samkeppnin í þessum hluta er mjög hörð.

Undir þeirri stoð Horizon 2020 sem nefnist Öndvegisrannsóknir (*Excellent Science*) hafa borist 386 umsóknir með þátttöku Íslands frá upphafi áætlunarinnar og 66 verkefni hafa fengið stuðning sem er rúmlega 17% árangurshlutfall. Ísland hefur verið þátttakandi í umsóknum í öllum undirátlanum þessarar stoðar. Árangur Íslands á þessu sviði er þó nokkuð lægri en samanburðalandanna sem fram koma í mynd 3 en talsvert yfir meðaltali Evrópusambandslandanna.

Íslendingar hafa verið þátttakendur í 38 umsóknum undir þverfaglegri aðgerð sem snýr að vísindum í þágu samfélagsins (*Science with and for Society*), þar af hafa 8 verkefni fengið stuðning og er árangurshlutfall þar því rétt rúmlega 21%.

Mynd 3. Horizon 2020: Árangurshlutfall umsókna

Í því skyni að varpa ljósi á þátttöku Íslands í Horizon 2020 getur verið villandi að líta á fjölda umsókna sem eina mælikvarðann á virkni Íslendinga. Ástæðan fyrir því er sú að fjöldi íslenskra aðila á bakvið hverja umsókn getur verið mjög mismunandi, allt frá því að vera einn yfir í það að vera fimm í einni og sömu umsókninni. Í Horizon 2020 eru 1.936 þátttökutilvik á bak við þær 1.517 umsóknir sem borist hafa með íslenskri þátttöku. Ef litið er á fjölda íslenskra umsóknaraðila í samanburði við helstu samanburðarþjóðir, má sjá að ásókn Íslands í áætlunina er góð og virðist því rannsókn- og vísindaumhverfið á Íslandi vera vel meðvitað um tækifærin í áætluninni, eins og sjá má á mynd 4.

Mynd 4. Horizon 2020: Heildarþátttökutilvik á hverja tíu þúsund íbúa

Áhugavert er að skoða með hvaða löndum íslenskir aðilar kjósa helst að starfa að rannsóknum og nýsköpun. Í töflu 3 má sjá lista yfir tíu helstu samstarfslönd Íslands í Horizon 2020 annars vegar og í forvera hennar, 7. rannsóknáætluninni hins vegar. Bretland, Þýskaland og Ítalía eru með flestar tengingar við Ísland í Horizon 2020 verkefnum. Úr tölunum má lesa að tenging Íslands við rannsóknáætlunir þessara landa er ágæt en þó verður að hafa í huga að stærð landanna og þróað rannsóknáætlunir gera stóru löndin áberandi sem samstarfsaðila í áætluninni í heild sinni. Norðurlöndin, Svíþjóð, Noregur og Danmörk eru meðal 10 algengustu samstarfslanda Íslands, og má geta þess að í Horizon 2020 fylgir Finnland fast á hæla Danmerkur í 11. sæti yfir samstarfstengingar. Ef litið er á samanburðartölur frá 7. rannsóknáætluninni má sjá mjög sambærilegt mynstur.

Tafla 3. Helstu samstarfslönd Íslands í Horizon 2020 og 7. rannsóknaráætlun ESB

Horizon 2020 Samstarfslönd	Fjöldi tenginga	7. rannsóknaráætlun ESB Samstarfslönd	Fjöldi tenginga
Bretland	490	1. Bretland	531
Þýskaland	487	2. Þýskaland	380
Ítalía	482	3. Spánn	281
Frakkland	461	4. Holland	279
Spánn	374	5. Frakkland	275
Noregur	323	6. Ítalía	254
Holland	283	7. Noregur	182
Svíþjóð	231	8. Svíþjóð	177
Belgía	225	9. Danmörk	159
Danmörk	212	10. Belgía	138

Íslenskar háskólar, stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög hafa verið þátttakendur í fjölda verkefna á ýmsum sviðum á vegum Horizon 2020. Verkefni spanna viðfangsefni allt frá djúpborunum til þess að nota handverk sem innblástur í menningararf bæja og borga.

Blindum og sjónskertum auðvelað að komast leiðar sinnar



Með Sound of Vision lausninni geta sjónskertir „séð“ lengra og hærra en með hvíta stafinum og því áttað sig betur á umhverfinu og skipulagt göngu sína

Háskóli Íslands leiðir verkefnið Sounds of Vision í samvinnu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra. Verkefnið, sem hlaut 4 milljóna evra styrk úr Horizon 2020, miðar að því að búa til skynjunarbúnað fyrir blinda einstaklinga til að auðvela þeim að komast leiðar sinnar. Hugmyndin er að tækið gefi upplýsingar um umhverfi, annars vegar með hljóði og

Verkefnið hlaut fyrstu verðlaun í flokknum „Tækni fyrir samfélag“ í úrslitum Nýsköpunarverðlauna ESB, Innovation Radar Prize, sem afhent voru í Vín í desember 2018

hins vegar með snertingu. Samstarfsaðilar erlendis eru hátæknifyrirtæki og háskólar í Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu og Slóveníu. Verkefnið hlaut fyrstu verðlaun í flokknum „Tækni fyrir samfélag“ í úrslitum Nýsköpunarverðlauna ESB, Innovation Radar Prize sem afhent voru í Vín í desember 2018.³

³ Heimild: <http://soundofvision.net/>

Handverk sem menningararfur



Frá fyrsta verkefnisfundum SPARCs í Espoo í Finnlandi, en markmið verkefnisins er að koma á fót nýsköpunarneti vistvænna borga

Reykjavíkurborg tekur þátt í SPARCs verkefninu ásamt Orkuveitu Reykjavíkur, en það er stórt evrópskt nýsköpunarverkefni sem fékk úthlutað 20 milljónum evra úr Horizon 2020 til nýsköpunar í loftslags- og orkumálum. Tvær evrópskar borgir, Espoo og Leipzig, gegna hlutverki kyndilborga í verkefninu en hlutverk þeirra er að þróa lausnir til kolefnisjöfnunar og orkuskipta. Reykjavík er ein af fimm samstarfsborgum í verkefninu og mun í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur sannreyna lausnir sem þróaðar hafa verið af kyndilborgunum og henta áherslum Reykjavíkur við

íslenskar aðstæður. Lykiláherslur í verkefninu er nýsköpunarnet vistvænna borga (Innovation Catalyst Network) og kolefnisjöfnun borga en hún er meginmarkmiðið með verkefninu. Áherslur SPARCs eru á orkuskipti í samgöngum, t.d. varðandi sjálfbærni, álagsstýringar, áskoranir og lausnir sem tengjast rafbílavæðingu og þróun snjallra og orkuvænna innviða. Verkefnið snertir líka á umbreytingu borga í samspili valdhafa, stjórnsýslu og hagsmunaaðila en þátttaka borgara er annar lykilþáttur í verkefninu.⁴

⁴ Heimild: <https://reykjavik.is/frettir/160-milljonir-til-kolefnisjofnunar-og-orkuskipta>.

Erasmus+ og European Solidarity Corps

Erasmus+ áætlunin er með þekktari afsprengjum Evrópusambandsins en hún hófst árið 1987 með stúdentaskiptum milli evrópskra háskóla. Þetta alþjóðlega samstarf hefur umbylt háskólaumhverfi Evrópu og gert það að verkum að námsgráður og einingar eru í dag samræmdar milli landa til að auðvelda flæði nemenda og starfsfólks. En Erasmus+ hefur líka gjörbreytt á þessum tíma og spannar í dag öll stig menntunar og fræðslu auk æskulýðsmála og íþróttar.

Rannís rekur Landskrifstofu Erasmus+ á Íslandi, en áætlunin er dreifistýrð að langmestu leyti, þótt hluti styrkjanna séu í umsjón framkvæmdastjórnar ESB í Brussel. Hlutverk Landskrifstofu er að kynna áætlunina og miðla upplýsingum til væntanlegra umsækjenda, hafa umsjón með mati styrkumsókna og taka formlega ákvörðun um úthlutun. Einnig gerir Landskrifstofa samninga um verkefni, greiðir út styrki og hefur eftirlit með framkvæmd verkefna. Regluleg samskipti og samráð eru við mennta- og menningarmálaráðuneytið svo og við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um framkvæmd áætlunarinnar á Íslandi.

Samhliða því að styrkja stofnanir og samtök í að senda fólk erlendis í nám og þjálfun býður Erasmus+ áætlunin upp á fjölbreytta möguleika til samstarfs, sem styður meðal annars við nýsköpun og stefnumótun og berst gegn félagslegri einangrun og fordómum. Fram til ársins 2018 voru sjálfboðaliðaverkefni hluti af æskulýðshluta Erasmus+ en þá var sett á fót sérstök áætlun undir heitinu European Solidarity Corps. Þessar tvær áætlanir eru reknar samhliða hjá Rannís sem hefur gegnt hlutverki landskrifstofu frá árinu 2013.

Ísland hefur tekið þátt í samstarfinu frá árinu 1992⁵ gegnum aðild sína að EES-samningnum. Síðan þá hefur þátttakan verið afar virk og óslitin og hafa nærri 40 þúsund Íslendingar notið góðs af samstarfinu með margvíslegum hætti frá árinu 1992. Á tímabilinu 2014-2020 hefur samstarfið gert yfir 8 þúsund einstaklingum á öllum aldri kleift að sækja sér nám og þjálfun utan Íslands og hafa flestir kosið að leggja leið sína til Danmerkur, Bretlands og Þýskalands. Á sama tíma hafa tæplega 16 þúsund manns nýtt sér tækifærið til að gera slíkt hið sama á Íslandi og koma flestir hingað til dvalar frá Þýskalandi, Frakklandi og Danmörku. Hér eru ótaldar þær ferðir sem farnar hafa verið í samstarfsverkefnum, þar sem oft er mikið um fundi, vinnustofur og aðra viðburði. Þegar litið er til þeirra má sjá að Spánn, Ítalía og Bretland eru þau lönd sem oftast taka þátt í verkefnum með íslenskum stofnunum og samtökum⁶.

Tafla 4. Helstu samstarfslönd Íslands í Erasmus+


Nám og þjálfun Frá Íslandi		Til Íslands		Samstarfsverkefni Samstarfsland	
	Fjöldi ferða		Fjöldi ferða		Fjöldi verkefna
Danmörk	1.150	Þýskaland	2.727	Spánn	162
Bretland	968	Frakkland	1.445	Ítalía	137
Þýskaland	726	Danmörk	1.335	Bretland	121
Svíþjóð	725	Bretland	1.164	Þýskaland	115
Spánn	537	Svíþjóð	862	Finnland	97

⁵ Formleg þátttaka Íslands í samstarfi um menntun og þjálfun hófst árið 1995 en á meðan á viðræðum um EES samninginn stóð, eða allt frá 1992, fengu íslenskir aðilar óformlegan aðgang að samstarfinu.

⁶ Tölur eru frá október 2020 og ferðirnar tilheyra öllum verkefnum í Námi og þjálfun, ekki aðeins íslenskum. Tölur um samstarfsverkefni fela í sér fjölda verkefna sem íslenskir og erlendir samstarfsaðilar eru saman í, burtséð frá hvaða landi verkefninu er stýrt.

Á tímabilinu 2014-2020 hefur Ísland haft um 60 milljónir evra til úthlutunar í styrki, auk 10 milljóna evra til reksturs landskrifstofu og sérverkefna. Vel hefur gengið að nýta fjármagnið og er eftirspurnin umfram framboð á styrkjum hjá flestum markhópum.

Fjárhagslegur ávinningur af Erasmus+ í milljónum evra*:



*Hér er átt við hvað Ísland fékk til baka úr áætluninni í formi styrkja til íslenskra aðila sem Landskrifstofa Erasmus+ hefur upplýsingar um. Þær eru ekki fyllilega tæmandi og því er fjárhagslegur ávinningur eitthvað hærri en þarna kemur fram.

Fjárhagslegur ávinningur af þátttöku Íslands í áætlununum hefur verið mikill, en ekki síður ber að undirstrika þann mikla ávinning sem hún hefur haft fyrir einstaklinga, stofnanir, samtök og samfélagið í heild⁷. Þau tæplega 1000⁸ verkefni sem hafa fengið styrk frá Landskrifstofu Erasmus+ og ESC á tímabilinu 2014-2020 (sjá töflu 5) taka til yfir 40 þúsund þátttakenda frá Íslandi og víðar.

Fólki, sem leggur land undir fót, ber saman um mikinn ávinning af dvölinni erlendis og um 97% þess segist vera ánægt eða mjög ánægt með þátttökuna⁹. En þar með er ekki öll sagan sögð. Erasmus+ hefur líka haft jákvæð áhrif á fjölda fólks á öllum aldri sem hefur notið góðs af verkefnum án þess að hafa sjálft ferðast út fyrir landsteinana. Verkefni hafa veitt því innsýn inn í ólík lönd, aðferðir og hefðir – en allt þetta eykur fjölmenningslega hæfni og færni til að lifa og starfa í nútímasamfélagi.

Tafla 5. Umsóknir og verkefni styrkt af Erasmus+ og ESC

Heild	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Nám og þjálfun	802	600	52,1	31,0
Samstarfsverkefni*	272	323	45,7	25,4
Stefnumótun í æskulýðsstarfi	36	27	0,9	0,6
COVID kall	14	9	3,0	1,8
European Solidarity Corps	24	18	0,9	0,9
Heild Erasmus+ og ESC	1.148	977	102,7	59,8

*Að meðtöldum erlendum verkefnum með íslenska samstarfsaðila í skólahluta

Boðaðar hafa verið breytingar á næstu kynslóð Erasmus+ og European Solidarity Corps, sem munu án efa verða til þess að íslenskar stofnanir og samtök hafa úr enn fjölbreyttari tækifærum að velja. Áhersla er lögð á gott aðgengi að áætlununum og ólíkar leiðir til að öðlast alþjóðlega reynslu. Stafrænt samstarf og færni í notkun upplýsingatækni spilar hér lykilhlutverk, ekki síst í kjölfar heimsfaraldurs COVID. Eins og gefur að skilja setti faraldurinn strík í reikninginn fyrir fjölmarga þátttakendur sem ætluðu sér að leggja land undir fót á árinu 2020 og þurftu annað hvort að fresta sínum fyrirætlunum eða nýta tölvur og tækni til að taka þátt í áætlununum. Þannig sýndu Erasmus+ og European Solidarity Corps fram á sveigjanleika sinn og getu til að takast á við áskoranir sem upp geta komið með skömmum fyrirvara. Þetta sést einna best á nýjum verkefnaflokkum, sem þróaðir voru með stuttum fyrirvara til að koma til móts við afleiðingar

⁷ Sjá t.d. matsskýrslu um Erasmus+ á Íslandi: Evaluation of the Implementation and Impact of Erasmus+ in Iceland Conducted for the Ministry of Education, Science and Culture (© Publisher: Ministry of Education, Science and Culture, 2017).

⁸ Að meðtöldum erlendum verkefnum með íslenska samninga í samstarfsverkefnum í skólahluta.

⁹ Niðurstöður lokaskýrslna þátttakenda í Erasmus+ skv. gagnagrunni áætlunarinnar í október 2020.

faraldursins, með áherslu á stafræna tækni annars vegar og skapandi greinar hins vegar. Vegna þessara nýju tækifæra í tengslum við COVID var sótt um 3 milljónir evra til Landskrifstofu Erasmus+ og fengu níu verkefni úthlutað 1,8 milljónum evra í lok árs (sjá töflu 6).

Tafla 6. Umsóknir og verkefni styrkt í sérstökum umsóknarfresti um COVID-verkefni

COVID kallið	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Skólar	7	5	1,4	1,0
Starfsmenntun	3	3	0,6	0,6
Æskulýðsstarf	4	1	0,9	0,2
Heild COVID frestur	14	9	3,0	1,8

Stöðugur vöxtur í þátttöku leik-, grunn- og framhaldsskóla

Með skólahluta Erasmus+ er átt við skóla sem bjóða upp á nám á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og menntun á þessum skólastigum á vegum skólafyrivalda, sveitarfélaga og annarra lögaðila. Verkefni eru tvenns konar, annars vegar styttri og afmarkaðri náms- og þjálfunarverkefni á borð við námskeið, gestakennslu og starfskynningar. Hins vegar lengri og víðtækari samstarfsverkefni þar sem þátttakendur skiptast á reynslu og góðum vinnubrögðum eða vinna að innleiðingu eða þróun nýjunga í skólastarfi.

Tafla 7. Umsóknir og verkefni styrkt í skólahluta Erasmus+

Skólar	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Nám og þjálfun	250	160	6,1	2,7
Samstarfsverkefni úthlutað á Íslandi	82	53	11,8	4,0
Samstarfsverkefni úthlutað erlendis	0	165	0,0	4,3
Heild samstarfsverkefni	82	218	11,8	8,3
Heild skólar	332	378	17,8	11,0

Náms- og þjálfunarstyrkir í skólahlutanum eru vinsælir og er eftirspurn eftir þeim mikil, enda eru hátt í 99% þátttakenda ánægð með reynsluna samkvæmt lokaskýrslum. Landskrifstofu bárust 250 umsóknir um slíka styrki á tímabilinu 2014-2020 og var unnt að styrkja 160 verkefni um nám og þjálfun, eða 64% umsókna. Segja má að þróun styrkja hafi einkennst af stöðugleika – mörg dæmi eru um að sömu aðilar sækir um á hverju ári og urðu litlar breytingar á stærð og fjölda umsókna á tímabilinu. Á síðustu árum hafa þó æ fleiri sóst eftir að taka þátt í samstarfsnetum sem þýðir að þrátt fyrir að verkefnum fjölgi lítið þá taka mun fleiri stofnanir þátt í þeim og gætir þannig áhrifa þeirra víðar.

Á hinn bóginn hefur verið stöðugur vöxtur í fjölda fjölþjóðlegra samstarfsverkefna sem síðan hefur leitt til að heildarfjárveiting til íslenskra stofnana hefur hækkað stöðugt. Alls voru 53 umsóknir af þeim 82 sem bárust Landskrifstofu samþykktar á tímabilinu og styrkir veittir sem námu yfir fjórum milljónum evra. Sérstaklega er fjölgunin áberandi í þeim verkefnum þar sem skólar skiptast á reynslu og vinnubrögðum (School Exchange Partnerships) en þar hefur nýtt met verið sett í fjölda styrktra verkefna á hverju ári. Fjölgunina má ekki síst skýra með sífellt aukinni þátttöku íslenskra skóla í verkefnum sem stýrt er erlendis frá, en 165 samstarfsverkefni með íslenskri aðild hlutu styrk erlendis á tímabilinu 2014-2020. Það sýnir svo ekki verði um villst að það þykir eftirsóknarvert að starfa með íslenskum skólum að verkefnum.



Meðal verkefna sem Nesskóli hefur tekið þátt í er STEM through 21st Century Skills sem unnið var í samstarfi við skóla frá Lettlandi, Eistlandi og Danmörku. Í fyrstu heimsókninni, til Eistlands, var unnið með S-ið í STEM en það stendur fyrir Science. Eitt viðfangsefnið í þeirri ferð var að kryfja fisk með vísindalegum vinnubrögðum

svipaðar hugmyndir. Hópurinn náði það vel saman að nú fjórum árum síðar erum við í gangi með okkar annað verkefni, en hvort um sig spanna verkefnið yfir tvö ár.“

Landskrifstofa hefur lagt áherslu á að virkja skóla af landsbyggðinni til þátttöku í Erasmus+ en að jafnaði eru skólar utan höfuðborgarsvæðisins þátttakendur í um þriðjungum samstarfsverkefna. Nesskóli í Neskaupstað er einn þeirra en að sögn Eysteins Þórs Kristinssonar skólastjóra, voru þau dálítið lengi að taka fyrsta skrefið inn í erlent samstarf því þau óttuðust að fjarlægðin væri of mikil. „Annað átti svo sannarlega eftir að koma á daginn. Á haustmánuðum 2016 gafst mér tækifæri á að komast á tengslaráðstefnu í Dublin en þar voru 50-60 manns, víðsvegar að úr Evrópu. Ég hafði fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig verkefni mig langaði að skólinn tæki þátt í og fann strax fólk með

”

„Það að komast í samstarf með þessum skólum og frá ólíkum svæðum Evrópu hefur gefið okkur í skólanum mikið og verið nemendunum sem þátt hafa tekið ómetanleg reynsla. Um 20 nemendur hafa farið frá okkur og við tekið á móti á fjórða tug einstaklinga hingað til Neskaupstaðar. Þessi reynsla hefur verið okkur öllum mikils virði og nú spyrja yngri nemendur reglulega hvenær komi að þeim að fá að taka þátt,“ segir Eysteinn og bætir við að

þrátt fyrir að annríkið geti verið mikið hafi þessi vinna mikið gildi fyrir alla sem að verkefnum koma.

„Það liggur töluverð vinna að baki hverju verkefni, ég ætla ekki að gera lítið úr því, en þessi vinna er hverrar mínútu og aukakrónu virði. Ef einhverjir eru áhugasamir en í vafa um gildi samstarfs sem þessa, ekki hugsa ykkur tvisvar um. Látið vaða, sækjið um, þetta er geggjað!“

“

eTwinning rafrænt skólasamstarf

eTwinning er sérstök áætlun um rafrænt skólasamstarf á fyrstu þremur skólastigunum sem fjármögguð er af Erasmus+ áætluninni og Rannís hefur umsjón með. Ekki er um beina styrki að ræða, en þar er hægt að komast í samband við evrópska kennara, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum, sækja ókeypis netnámskeið og sækja um styrki til að komast á evrópskar vinnustofur, svo nokkuð sé nefnt. eTwinning skólar á Íslandi eru nú orðnir 11 talsins en slík nafnbót er viðurkenning um að þar fari fram öflugt alþjóðasamstarf og að kennarar taki virkan þátt í eTwinning samfélaginu. Titillinn er veittur til tveggja ára í senn.

Grunnskóli Bolungarvíkur hefur verið eTwinning skóli samfelld síðan árið 2016 og hefur tekið þátt í Erasmus+ og eTwinning í um 15 ár. Að sögn Elínar Þóru Stefánsdóttur, sérlegum sendiherra eTwinning á Vestfjörðum og Halldóru Dagnýjar Sveinbjörnsdóttur skólastjóra, var ákveðið að sækja um að gerast eTwinning skóli því þátttaka meðal kennara hefði verið góð og skólinn fengið í staðinn viðurkenningar fyrir vel unnin verkefni. Þær segja áhrifin á skólastarfið hafa fyrst og fremst verið jákvæð, enda sé hægt að

Líta á eTwinning sem ákveðna endurmenntun fyrir starfsfólkið. Það hafi gert það að verkum að þátttaka kennara hafi smátt og smátt aukist.

”

„Við erum stolt af því að vera eTwinning skóli. Við hengjum viðurkenningarskjölin til dæmis upp frammi á gangi þar sem allir geta séð. Fólki finnst þetta vera jákvætt. Þetta gefur einnig kost á því að maður getur tekið þátt í fleiri evrópskum ráðstefnum og vinnustofum, til dæmis ráðstefnum sem eru bara ætlaðar

eTwinning skólum. Síðan er auðvitað það sem er mikilvægast í þessu og það er að þátttaka í eTwinning gerir börnin víðsýnni. Eldri nemendurnir hafa til dæmis verið að tala við nemendur á Spáni í rauntíma og þau eru að sjá að það eru börn úti í heimi að gera sömu hluti og þau. Með tækninni er þetta orðið svo þægilegt.“

“

Fjölbreytt verkefni í fullorðinsfræðslu

Í Erasmus+ felast fjölmörg tækifæri fyrir menntastofnanir og fyrirtæki á sviði fullorðinsfræðslu sem hafa á liðnum árum sótt um styrki fyrir verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun. Fullorðinsfræðsla er hér skilgreind sem hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.

Tafla 8. Umsóknir og verkefni styrkt í fullorðinsfræðsluhluta Erasmus+

Fullorðinsfræðsla	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Nám og þjálfun	62	41	1,1	0,4
Samstarfsverkefni	35	22	7,9	4,1
Heild fullorðinsfræðsla	97	63	9,0	4,5

Hægt er að velja um námsferðir starfsfólks til starfsþróunar í öðrum Evrópulöndum annars vegar og samstarfsverkefni nokkurra landa sem oft vara í tvö ár hins vegar. Í fyrrnefnda flokkinn bárust 62 umsóknir á tímabilinu 2014-2020 og 66% þeirra hlutu brautargengi, eða alls 41 verkefni sem fengu yfir 400 þúsund evrur samtals. Meirihluti fjármagns innan fullorðinsfræðsluhluta Erasmus+ rann hins vegar til samstarfsverkefnanna en þar voru 22 verkefni styrkt um samtals yfir fjórar milljónir evra (sjá töflu 8).



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stóð fyrir námsferð þar sem hagsmunaaðilar af vettvangi framhaldsfræðslu öfluðu sér þekkingar á fræðslumálum og rannsóknum tengdum ferðabjónustu í Skotlandi.

Aðilar sem hafa sótt um styrki í fullorðinsfræðsluhluta Erasmus+ áætlunarinnar eru meðal annars símenntunarmiðstöðvar og aðrir viðurkenndir fræðsluaðilar á sviði fullorðinsfræðslu, félags- eða þjónustumiðstöðvar, félagsamtök, bókasöfn, háskólar fyrir fólk á þriðja aldursskeiði, lýðskólar, einkahlutafélög, stéttarfélög og ýmsar stofnanir sem bjóða upp á námskeið (til dæmis í tungumálum, stafrænni færni eða annarri lykilhæfni).

Í matsskýrslu um áhrif af Erasmus+ á Íslandi kemur fram að þátttaka í alþjóðasamstarfi styrki ímynd fullorðinsfræðslustofnana. Þátttakendur í verkefnum áætlunarinnar segja samstarfið hafa hvatt til nýrrar hugsunar, gert þá víðsýnni, þeir hafi öðlast nýja reynslu og kynnst nýjum hugmyndum og nálgunum sem höfðu jákvæð áhrif á þeirra störf. Nýsköpun og samstarf hafi haft bein áhrif á faglega þróun innan stofnana þeirra.¹⁰ Erasmus+ hefur þannig eftt samstarf Evrópulanda á sviði fullorðinsfræðslu. Það hefur reynst ómetanlegt að geta leitað til margra landa til að deila reynslu og þekkingu og Ísland hefur einnig haft margt fram að færa sem nýst hefur öðrum þjóðum. Einstaklingar sem fara í námsferðir frá Íslandi gefa reynslunni toppеinkunn í lokaskýrslum sínum: 98% þeirra eru ánægðir eða mjög ánægðir með þátttökuna, 84% hafa aukið færni sína á ýmsum sviðum og 79% hafa fengið hana formlega metna.

EPALE vefgátt fullorðinsfræðslu

Rannís gegnir hlutverki landskrifstofu fyrir evrópska vefgátt fullorðinsfræðslu, EPALE (*Electronic Platform for Adult Learning in Europe*), sem styrkt er af Erasmus+ áætluninni. EPALE miðlar efni milli íslenskra og evrópskra fagaðila í fullorðinsfræðslu, hvetur fólk til að skiptast á skoðunum, skrá viðburði og vekja athygli á því sem er til fyrirmyndar í fullorðinsfræðslu hér á landi. Fjöldmörg verkefni hafa nýtt vefgáttina til að kynna evrópsk samstarfsverkefni og segja fréttir af framvindu þeirra.



Námsferð FA og fulltrúa úr stjórn og samstarfsaðila Hæfniseturs ferðabjónustunnar til Skotlands

Hæfnisetur ferðabjónustunnar er sérfræðisetur sem aðstoðar fræðsluaðila og fyrirtæki við að koma á fræðslu og þjálfun í fyrirtækjum ferðabjónustunnar. Það er vistað hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Til að efla starf Hæfnisetursins fékk FA Erasmus+ styrk til að fara í tvær námsheimsóknir á árinu 2018. Í fyrri ferðinni var haldið til Svíþjóðar og Noregs með hópi hagsmunaaðila til þess að kynna skipulagi og aðferðum við raunfærnimat fyrir hæfni- viðmið starfa (*job standards*) og mótun

hæfnistefnu. Í seinni ferðinni var farið með hópi hagsmunaaðila til Skotlands og heimsóttir aðilar sem sinna öflugri fræðslu í ferðabjónustu.

”

Fjóla María Lárusdóttir, tengiliður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), segir: „Fyrri námsheimsóknin gaf starfsfólki FA og hagsmunaaðilum innsýn í hvernig byggja megi upp raunfærnimat í atvinnulífinu og í kjölfar hennar fór af stað tilraunaverkefni hér á landi sem hefur lagt línurnar fyrir sambærilega uppbyggingu á Íslandi. Seinni námsheimsóknin gaf starfsfólki Hæfniseturs ferðabjónustunnar og hagsmunaaðilum margar nýjar

hugmyndir um nálgun og framkvæmd fræðslu/þjálfunar og jafnframt um aukin tækifæri til samstarfs fræðsluaðila og atvinnulífs. Á liðnum árum hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins borið gæfu til þess að vera þátttakandi og leiðandi aðili í Erasmus+ verkefnum sem hafa gefið af sér árangursríkar aðferðir og verkfæri sem eru nú í notkun á vettvangi framhaldsfræðslunnar.“

“

Aukin færni og nýsköpun í háskólum

Háskólar landsins hafa tekið virkan þátt í Erasmus+, bæði hvað varðar samstarfsverkefni og nám og þjálfun einstaklinga. Stúdentum gefst kostur á að taka hluta af námi sínu erlendis með því að sækja námskeið í samstarfsskólum eða stunda starfsþjálfun í stofnunum eða fyrirtækjum í Evrópu. Síðarnefndi kosturinn er einnig í boði eftir útskrift og getur þannig hjálpað við að brúa bilið frá útskrift til þátttöku á vinnumarkaði. Starfsfólk getur kennt við erlenda samstarfsskóla eða tileinkað sér nýjar aðferðir með starfsþjálfun. Einnig hafa háskólar möguleika á að bjóða til sín erlendum sérfræðingum úr atvinnulífinu í gestakennslu. Allir sjö háskólar landsins hafa sótt um styrki til náms og þjálfunar í Evrópu þau sjö ár sem Erasmus+ hefur verið við lýði og hlotið samtals tæpar 13 milljónir evra til þessa.

Frá árinu 2015 hafa tækifæri til náms og þjálfunar einnig verið boðin utan Evrópu, en háskólar geta sótt um sérstaka styrki til samstarfs við lönd um heim allan. Alls hafa 28 umsóknir fengið samtals tvær og hálf milljón evra í styrki til að efla þessi tengsl gegnum svokallaða alþjóðavídd Erasmus+.

Tafla 9. Umsóknir og verkefni styrkt í háskólahluta Erasmus+

Háskólar	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Nám og þjálfun	49	49	23,0	12,7
Nám og þjálfun - alþjóðahluti	31	28	5,2	2,5
Heild Nám og þjálfun	80	77	28,1	15,2
Samstarfsverkefni	39	24	10,2	5,3
Heild Háskólar	119	101	38,4	20,5

Í samstarfsverkefnum vinna íslenskir háskólar með erlendum stofnunum að því að auka nýsköpun og nútímavæðingu í háskólasamfélaginu. Verkefni eru mikilvæg verkfæri við að hrinda í framkvæmd evrópskri og íslenski stefnumörkun, til dæmis með því að þróa nýjar námsleiðir, námsskrár og kennsluáðferðir, með því að efla samstarf við atvinnulífið, auk þess sem þau stuðla að aukinni áherslu á aðgengi og gæði í háskólum. Alls bárust 39 umsóknir á tímabilinu í þennan verkefnaflokk og styrkti Landskrifstofa Erasmus+ 62% þeirra, eða 24 verkefni, um samtals rúmar fimm milljónir evra (sjá töflu 9).

Þátttakendum ber saman um mikinn persónulegan og faglegan ávinning af Erasmus+ dvölinni. Með því að taka þátt hafa háskólanemar auðgað námsferil sinn með alþjóðlegri vidd og reynslan hefur samkvæmt lokaskýrslum þeirra haft mikil áhrif á þau. Í Erasmus+ er mikil áhersla lögð á að efla færni ungs fólks og vilja til að taka virkan þátt í samfélaginu. Þess vegna greindi Landskrifstofa niðurstöður um það bil þúsund lokaskýrslna sem höfðu borist frá stúdentum í árslok 2018 með tilliti til lýðræðisfærni. Í ljós kom að 83% nemenda frá íslenskum háskólum bera meiri virðingu fyrir gildum og skoðunum annarra eftir dvölinu, að tveir af hverjum þremur nemendum hafa öðlast aukinn áhuga á málefnum Evrópulanda og að 74% hafa aukið færni sína í að hugsa rökrétt og draga ályktanir. Alls eru yfir 96% ánægð með að hafa tekið þátt. Meðal starfsfólks er ánægjuhlutfallið einnig gríðarlega hátt, eða um 95%. Einnig telja 94% þeirra sig hafa aukið faglega hæfni sína og 97% tala um bætta tungumálakunnáttu, þökk sé Erasmus+.



„Árið 2017 fór ég í starfsnám á Fenejja-tvíæringinn á vegum Kynningarmiðstöðvar íslenskar myndlistar og Háskóla Íslands með hjálp Erasmus+. Ég var þá í mastersnámi í listfræði og var valin úr hópi umsækjenda til þess að fara og starfa í íslenska skálanum þar sem framlag Íslands til þessarar virtu listahátíðar var sýnt.

Það var ómetanlegt að fá tækifæri til að komast erlendis til að dýpka reynslu mína og þekkingu á listheiminum en ekki síður að fá tækifæri til að flytja til Fenejja, sem verður að teljast einn merkasti staður í heimi. Fenejjar samanstanda af 118 eyjum og þær tengja saman 400 brýr.



Fenejjar geta verið erfiðar yfirferðar fyrir gangandi en þegar maður notar hjólastól margfaldast flækjustigið! Það þurfti því kjark og mikið skipulag til þess að flytja í þessa vatnaborg, verandi í hjólastól. Með sérstökum styrk frá Erasmus+ gat ég látið dæmið ganga upp, og flutti með mér hjálpartæki og tók með mér aðstoðarfólk. Að flytja til útlanda þegar maður er með fötlun er ekki einfalt og var því fjárhagslegur stuðningur prógrammsins ómetanlegur!

Það er dýrmætt að fá að demba sér í djúpu laugina og fá að taka ábyrgð. Ég bý að reynslunni ævilangt og sigraði bæði verkefnið og sjálfa mig með ferðinni. Í Fenejjum eignaðist ég nýja vini og nærði áhuga minn á listum. Að eiga minningar frá námsárunum sem einkennast af ítölskum sumarnóttum, betri mat en hægt er að ímynda sér, ótrúlegri borgarfeegurð, að hafa hitt listamenn og séð verk sem mótuðu listasöguna, er ómetanlegt!“

Inga Björk Bjarnadóttir



Æskulýðsverkefni takast á við hindranir í samfélaginu

Erasmus+ æskulýðsverkefni eru fjölbreytt og fyrir ólíka hópa. Lögð er rík áhersla í öllum verkefnum á að allt ungt fólk eigi jafna möguleika á þátttöku og að þau yfirstígi hindranir sem á vegi þeirra kunna að verða. Hindranir sem geta verið af menningarlegum, félagslegum, landfræðilegum eða heilsufarslegum toga. Hægt er að sækja um styrki til eins til tveggja ára verkefna þar sem ungt fólk hittist og vinnur að sameiginlegum hugðarefnum auk þess að kynnast menningu annarra landa. Starfsfólk í

æskulýðsgeiranum getur tekið þátt í verkefnum til að öðlast reynslu og verða betra í sínu starfi. Alls barst 321 umsókn til Landskrifstofu á tímabilinu 2014-2020 um verkefni til náms og þjálfunar og fengu 75% þeirra styrk að upphæð samtals 6,9 milljónir evra. Þá er hægt að sækja um samstarfsverkefni til 6 - 36 mánaða með áherslu á nýsköpun eða yfirfærslu þekkingar en undir síðarnefnda hlutann falla fjölþjóðleg frumkvæðisverkefni ungs fólks. Töluverð samkeppni er í þennan verkefnaflokk, en á tímabilinu hlaut 41 umsókn samþykki – eða 47% þeirra sem bárust – og deildu með sér tæplega þremur milljónum evra. Að lokum eru styrkt verkefni sem ætlað er að virkja ungt fólk til þátttöku og samtals við ráðamenn á þeirra svæði. Alls hlutu 27 verkefni slíkan styrk og nam heildarupphæðin um 0,6 milljón evra á tímabilinu eins og sjá má í töflu 10.

Tafla 10. Umsóknir og verkefni styrkt í æskulýðshluta Erasmus+ og European Solidarity Corps

Æskulýðsstarf	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Erasmus+				
Nám og þjálfun	321	242	9,6	6,9
Samstarfsverkefni	87	41	8,2	3,4
Stefnumótun í æskulýðsstarfi	36	27	0,9	0,6
Heild Erasmus+ æskulýðsstarf	444	310	18,7	10,9
European Solidarity Corps				
Sjálfbóðaliðaverkefni	14	14	0,9	0,8
Samfélagsverkefni	10	4	0,1	0,03
Heild European Solidarity Corps	24	18	0,9	0,9
Heild æskulýðsstarf	468	328	19,7	11,8

Þátttakendur telja tímanum sem þeir verja í Erasmus+ vel varið, eins og lokaskýrslur þeirra bera vitni um. Tæp 95% ungmenna og tæp 98% leiðbeinenda í æskulýðsverkefnum eru ánægð eða mjög ánægð með reynsluna og um 92% telja sig hafa eflt færni sína og hæfni á ýmsum sviðum. Þau segjast hafa lært mikið um ólíka menningu og að þau séu nú betri í að vinna í hópi og taka tillit til skoðana annarra. Í viðtölum við unga þátttakendur koma fyrir setningar eins og: „Þetta var mjög gaman og ég mæli mjög mikið með þessu og væri allveg til í að gera þetta aftur“ og „Mér finnst ég vera miklu sjálfstæðari en áður“.

Á sama hátt segjast leiðbeinendur í verkefnum sjá mun á samskiptahæfni hjá ungu þátttakendum auk þess sem þau sjálf hafi öðlast reynslu af að vinna með fólki frá ólíkum menningarheimum. Þau hafi einnig fengið aukna reynslu af að bregðast við óvæntum atvikum. Að lokum má nefna að ungt fólk sem fer og tekur þátt í sjálfbóðaliðaverkefnum segist hafa fengið ómetanlega reynslu af ólíkum verkefnum og að dvölin hafi breytt lífi þeirra og lífsviðhorfum til framtíðar á jákvæðan hátt.

Nokkur skil urðu í evrópsku samstarfi í æskulýðsmálum á miðju starfstímabili áætlanna. Milli 2014-2018 voru sjálfbóðaliðaverkefni styrkt af æskulýðshluta Erasmus+ (*European Volunteering Projects*) en frá árinu 2018 af nýrri áætlun, European Solidarity Corps. Nú þegar hefur þessi nýja áætlun náð að styrkja 14 sjálfbóðaliðaverkefni um tæplega hálfa milljón evra auk fjögurra samfélagsverkefna. Árlega hljóta 15-20 sjálfbóðaliðar á aldrinum 18-30 ára styrk til að taka þátt í verkefnum í Evrópu og 60-80 sjálfbóðaliðar koma hingað til lands. Þessi reynsla breytir lífi þeirra til lífstíðar, eins og eftirfarandi ber vitni um:

”

Guðmundur sem var í þremur störfum, fór til Portúgal og vann fyrir Rauða krossinn, þar sem hann dreifði meðal annars nauðsynjavörum til bágstaddra: „Þetta breytti allri minni heimssýn. Í dag er ég spenntur fyrir framtíðinni“.

Júlía kom frá Rúmeníu til Íslands og starfaði á skrifstofu sjálfboðaliðasamtaka í Reykjavík. Hún segir að það sé erfitt að finna réttu orðin yfir hvað ár erlendis sem sjálfboðaliði breytir manni mikið.

„Maður fer langt út fyrir þægindarammann, en það að gefa af sér og hjálpa öðrum gerir mann að betri manneskju“.

„Þetta allt byrjaði hjá mér í Eistlandi þegar ég sótti ráðstefnu um öll tækifærin innan Erasmus+, ég var alveg blaut á bak við eyrun, vissi ekkert um hvað þetta Erasmus+ væri en var mjög áhugasöm og tilbúin í að fræðast.“

Ég man eftir „momentinu“ síðasta dag ráðstefnunnar þegar allir þátttakendur áttu að rétta upp hönd þegar spurt var út í hversu marga Youthpass þau ættu, og það var einn sem stóð eftir og rétti ennþá upp hönd þegar var sagt 12, 13, 14 Youthpassar og ég hugsaði bara „váá ég vil vera eins og hann“. [Youthpass er skírteini sem þátttakendur í viðburðum styrktum af æskulýðshluta Erasmus+ fá til staðfestingar á þátttöku.]



Núna fjórum árum síðar hef ég tekið þátt í fjöldanum öllum af verkefnum, hef tekið þátt í að hanna námsefni fyrir 14-18 ára um geðheilsu og geðheilbrigði, hannað borðspil, verið að þjálfa sjálf ungmenni og þjálfara og margt, margt fleira. Það að taka þátt í svona verkefnum hefur gert ofboðslega margt fyrir mig, ég er töluvert öruggari í eigin skinni, hefur bætt mína andlegu heilsu, ég er búin að öðlast ekkert smá mikla kunnáttu og reynslu, ég er loksins orðin lærð eitthvað og get sýnt fram á það með Youthpass sem ég kalla háskólagráðurnar mínar. Fyrir mér eru það forréttindi að fá að vera partur af þessu rísa stóra batterí og miðla áfram hugmyndafræði Hugarafis, félagi sem ég er í og að kynnast og læra af fólki alls staðar frá Evrópu.“

Fjóla Ólafardóttir

“

Evrópusamstarf skipar sér fastan sess í starfsmenntun

Á tímabili Erasmus+ áætlunarinnar hefur alþjóðastarf starfsmenntaskóla og annarra aðila sem sinna nemum í starfsmenntun aukist verulega. Þátttakendum hefur fjölgað, bæði nemendum og starfsfólki sem hafa farið í starfsþjálfun í Evrópu, og nokkrir skólar hafa markað sér stefnu um alþjóðastarf og unnið markvisst í samræmi við hana.

Tafla 11. Umsóknir og verkefni styrkt í starfsmenntahluta Erasmus+

Starfsmenntun	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna	Milljónir evra sótt um	Milljónir evra í samningi
Nám og þjálfun	63	54	3,8	2,7
Nám og þjálfun - vottun	26	26	3,5	3,1
Heild nám og þjálfun	89	80	7,3	5,8
Samstarfsverkefni	29	18	7,6	4,4
Heild starfsmenntun	118	98	14,9	10,1

Tekið var upp kerfi vottunar fyrir þá starfsmenntaskóla og starfsmenntastofnanir sem höfðu markað sér stefnu um alþjóðastarf og sýnt fram á árangursríkt samstarf. Þessi vottun auðveldar alþjóðasamstarf til lengri tíma og staðfestir gæði. Fimm aðilar fengu staðfesta vottun á tímabilinu; Tækniskólinn, Myndlistaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Kópavogi, Iðan fræðslusetur og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

Alls voru 26 verkefni vottaðra stofnana styrkt á tímabilinu og hlutu þau alls þrjár milljónir í styrki, til viðbótar við þær 2,7 milljónir sem veittar voru öðrum verkefnum til náms og þjálfunar. Eftir fjögurra ára reynslu af vottuninni gerði Landsskrifstofa samantekt á Evrópustarfi og reynslu af henni. Megin niðurstaðan er sú að á tímabilinu hefur þróun náms- og þjálfunarverkefna verið mjög jákvæð og umfangið aukist verulega. Fjöldi þátttakenda hefur mest tvöfaldast frá því sem var vænst. Evrópusamstarf innan skólanna hefur vaxið og breyst á tímabilinu. Í flestum tilfellum hafa alþjóðafulltrúar aukið starfshlutfall og alþjóðastarf fengið aukið vægi í daglegri starfsemi.

Eftirspurn og vilji til þátttöku er greinilega til staðar meðal bæði nemenda og kennara og með vottun hefur aðgengi aukist sem og stöðugleiki Evrópusamstarfsins. Þetta sýnir einnig ásókn í samstarfsverkefni, en alls hlutu 18 slík verkefni styrk á tímabilinu – eða 62% umsókna sem bárust Landskrifstofu – og fengu þau alls tæplega fjórar og hálf milljónir evra.

Þátttakendur lýsa almennt mikilli ánægju með áhrifin af þátttöku sinni. Niðurstöður athugunar meðal 600 íslenskra þátttakenda¹¹ sýna að þeir gefa sinni reynslu og áhrifum hennar háa einkunn og vegur þar hæst ný þekking, auknir möguleikar á atvinnu við hæfi og aukin persónuleg hæfni. Einnig eru mörg dæmi um góð áhrif á kennsluhætti og námsframboð. Þessi jákvæðu áhrif eru ennfremur staðfest með lokaskýrslum einstaklinga þegar heim er komið: um 97% þátttakenda eru ánægðir með dvölinu. Meðal nemenda í starfsmenntun telja 90% sig hafa aukna tungumálakunnáttu og 85% hafa aukið hæfni sína og færni. Starfsfólk efast heldur ekki um ávinninginn af þátttökunni: 85% hafa sömuleiðis aukið hæfni sína og færni og 3 af hverjum 4 telja sig hafa aukin atvinnutækifæri vegna Erasmus+.

¹¹ National report Iceland, hluti af matsverkefninu Showing and Identifying Impact of Erasmus+ on EU and National Level. Gefin út í mars 2019.



Hanna Dóra Sigurðardóttir fór í starfsþjálfun á hársnyrtistofunni Cedryc Hair Design í Belgíu.

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt og áhugavert. Vinnustaðurinn var mjög flott ný stofa, ég fékk heilmikið að vinna og tækifæri til að taka þátt. Aðferðirnar sem notaðar eru í Belgíu eru ekki svo frábrugðnar því sem er á Íslandi en þó er nokkur munur á verklagi og áherslum þannig að ég lærði heilmikið. Í þessari grein er nauðsynlegt að vera alltaf að læra og kynna sér nýjungar.“

Hanna Dóra dvaldi í 3 mánuði í bænum Namur, sem er í frönskumælandi

hluta Belgíu. Þar sem hún talar ekki frönsku var tungumálið áskorun en fæstir töluðu góða ensku. Þrátt fyrir það gekk dvölin vel, fólkið tilbúið að leggja sig fram og hún notaði „google translate“ til að hjálpa sér.

„Ég nýtti frítímamann í að skoða mig um en var reyndar mest í vinnunni. Það var gaman að kynnast samstarfsfólkinu og ég er ennþá í sambandi við suma. Dvölin var ótrúlega skemmtileg og áhugaverð og það er mikilvægt að prófa eitthvað nýtt. Allir ættu að nýta sér tækifæri Erasmus+ starfsnáms!“




Creative Europe

Creative Europe er menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins og hefur Ísland tekið virkan þátt í henni frá árinu 1992. Hún veitir styrki til verkefna sem hafa það markmið að ná til nýrra áhorfenda, auka færni og hæfni fagfólks, þróa nýja tækni og auðvelda samstarf milli þjóða.

Áætlunin er miðstýrð og sótt er um öll verkefni beint til umsýsluskrifstofu í Brussel. Rannís rekur Upplýsingastofu Creative Europe á Íslandi og veitir þannig fagfólki í kvikmynda- og listageiranum hér á landi aðstoð og ráðgjöf.

Mynd 5 sýnir hversu háa styrki íslenskir aðilar fá á hvern íbúa til samanburðar við Norðurlöndin, Írland, Lúxemborg og Möltu. Íslendingar fengu um 18 evrur á hvern íbúa í styrki frá Creative Europe tímabilið 2014–2020, sem er talsvert hærri upphæð en rennur til samanburðarlandanna á hvern íbúa.

Mynd 5. Creative Europe: Fjármagn í evrum á hvern íbúa



Culture – Menning

Menningarhluti Creative Europe fær um þriðjung af fjárveitingu áætlunarinnar og er mikil samkeppni um styrkina sem veittir eru. Um að ræða styrki til gagnkvæmra heimsókna listamanna, fagþjálfunar og tengslamyndunar, bókmenntaþýðinga og að koma listamönnum og verkum þeirra á framfæri. Ennfremur verður á komandi tímabili Creative Europe lögð aukin áhersla á tónlist með átakinu Music Moves Europe, þar sem stutt verður við stefnumótun, lagaumhverfi, samtal hagaðila, auk beinna styrkja og verðlauna. Vegna mikillar samkeppni um styrkina í menningarhluta Creative Europe er árangurshlutfall heilt yfir lágt, jafnt hjá íslenskum umsækjendum og öðrum.

Í töflu 12 má sjá fjölda íslenskra aðila í menningarverkefnum á árunum 2014–2020 og hversu mikið fjármagn rann til þeirra. Þátttökutílik taka til bæði aðal- og meðumsækjenda en enginn íslenskur aðalumsækjandi fékk styrk á tímabilinu. Árangurshlutfall í þeim flokkum sem íslenskir aðilar hafa sótt í er að jafnaði 12%. Ekki er vitað hve margir íslenskir umsækjendur sóttu um styrki á tímabilinu þar sem þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Því er ekki hægt að reikna út árangurshlutfall umsókna með íslenskri þátttöku.

Tafla 12. Creative Europe-mening: Árangur Íslands eftir undiráætlunum

Undiráætlun	Þátttökutilvik í styrktum umsóknum	Samtals styrkir
Minni samstarfsverkefni	9	334.199 €
Stærri samstarfsverkefni	8	718.842 €
Bókmenntabýðingar	0	0 €
Alls	17	1.053.041 €



Ágústa Þórarinsdóttir forstöðumaður Einkofa, hefur tekið þátt í verkefnum styrktum af Creative Europe:

„Einkofi hefur tekið þátt í tveimur verkefnum sem hafa fengið styrk frá Creative Europe áætluninni. NATUR North Atlantic Tales verkefnið¹² milli 2018 og 2020 en það tilheyrði samstarfi á Evrópsku ári menningararfs 2018. Listamönnum frá þátttökulöndunum Bretlandi, Noregi og Svíþjóð var boðið að kanna sameiginlegar sögur sem myndu leiða til áhrifa á ný menningarverk. Boðið var upp á tíu gestavinnustofur fyrir listamenn og unnið með alls kyns menningarstofnunum. Verkefninu er nýlokið og því hefur verið vel tekið.



Á síðasta ári tókum við þátt í öðru verkefni Moving Classic: Sonic Flux¹³ með félögum frá Bretlandi, Noregi og Kýpur. Verkefnið miðar að því að kanna þælinguna á tilfærslu/flutningi listamanna. Kvikmyndagerðarmönnum og listamönnum er boðið að vinna saman í sex gestavinnustofum að mismunandi sögum um tilfærslu/flutning í þátttökulöndunum.

Gengið var til liðs við söfn og menningarstofnanir og sköpuð ný verk, eins og t.d. listræn kvikmynd með frumsamdri tónlist þar sem umfjöllunarefnið er listamenn á faraldsfæti, áður fyrr, nú á dögum og í framtíðinni.



Ágústa segist hafa lært heilmikið í verkefnisstjórn og vera betur í stakk búin bæði að koma á verkefnum og sinna fjárhagsliðum þeirra. Hún segir kostina vera ótvíræða þegar starfað er með evrópskum menningarfélögum. Tengsl sem myndast leiða til nýrra verkefna og ekki síður eru möguleikar á að deila færni, hugmyndum og verkunnáttu. Í samstarfinu hafa listamenn fengið aukið rými og leiðir til að koma sér á framfæri, þróa færni og skapa ný tengslanet sem hafa leitt þá á nýjar og gefandi brautir. Vinna við skil á verkefni hefur gefið henni sjálfstraust til að sækja um stærri samstarfsverkefni fyrir Einkofa og stýra þeim og heldur hún ótrauð áfram að sækja um styrki fyrir fleiri verkefni í Creative Europe.

¹² Sjá nánar á: www.naturproject.org

¹³ www.movingclassicssonicflux.com

MEDIA – Kvikmyndir

Í kvikmyndahluta Creative Europe eru veittir styrkir til þróunar á leiknum kvikmyndum og sjónvarpsefni, skapandi heimildamyndum, teiknimyndum og tölvuleikjum, ásamt styrkjum til framleiðslu sjónvarpsefnis. Dreifing og sala á kvikmyndum og margmiðlunarefni er styrkt sem og kvikmyndahátíðir og þjálfun fagfólks ásamt stuðningi við tengslanet sem styðja samstarf listamanna milli landa.

Eins og í menningarhlutanum er eftirspurn langt umfram framboð styrkja, en íslenskum umsækjendum hefur vegnað vel og árangurshlutfall þeirra er að meðaltali hærra en hjá öðrum þátttökulöndum. Velflestar íslenskar kvikmyndir hafa fengið þróunarstyrki frá áætluninni, sem gefa kvikmyndaframleiðendum tækifæri til sækja kvikmyndamarkaði og ræða við fagaðila sem kaupa inn fyrir sjónvarpsstöðvar og kvikmyndahús. Einnig skapast samstarfsvettvangur við aðra evrópskra framleiðendur um fjármögnun kvikmynda þeirra.

Heildarfjármagn til íslenskra aðila síðustu sjö árin er tæplega 8 milljónir evra. Í töflu 13 má sjá fjölda umsókna, fjölda styrktra verkefna, árangurshlutfall og heildarfjármagn eftir tegund styrkja. Eins og sjá má er árangurshlutfall íslenskra aðila hátt, að meðaltali helmingur umsókna frá þeim fá úthlutaðan styrk. Þá hafa íslensk verkefni fengið fjölda styrkja til framleiðslu á sjónvarpsþáttaröðum og heimildamyndum.

Tafla 13. Creative Europe - MEDIA: Árangur Íslands eftir tegundum styrkja

Tegund styrkja	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Árangurshlutfall umsókna	Samtals fjármagn
Þróunarstyrkir	69	27	39%	1.390.000 €
Sjónvarpsstyrkir	18	10	56%	3.230.359 €
Kvikmyndahátíðir	12	5	42%	307.000 €
Dreifingarstyrkir fyrir evrópskar kvikmyndir á Íslandi	121	59	49%	179.947 €
Dreifingarstyrkir fyrir íslenskar kvikmyndir erlendis	*	6	*	2.656.232 €
Aðrir dreifingarstyrkir (sjálfvirka kerfið og Europa Cinemas)	*	*	*	160.442 €
Heild	220	106	*	7.923.980€

*Á ekki við

Flestallar stærstu íslensku sjónvarpsþáttaraðirnar eru framleiddar með myndarlegum styrkjum frá MEDIA áætluninni. Þeir styrkir sem síðan skila að jafnaði mestu til íslenskrar kvikmyndagerðar eru dreifingarstyrkir fyrir kvikmyndir, sem fara til flestra Evrópulanda og þaðan áfram til Asíu og Norður Ameríku. Þannig verða íslenskar sögur og íslenskur veruleiki aðgengilegur um allan heim.

”



Grímar Jónsson kvikmyndaframleiðandi og eigandi Netofilms ehf.:

„MEDIA áætlunin hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif, bæði fyrir mig persónulega sem framleiðanda sem og framgang fyrirtækis míns. Fyrir framleiðandann nær MEDIA áætlun til þróunar og framleiðslu á sjónvarpsefni og einnig dreifingarstyrkja á kvikmyndum. Þessir styrkir geta einfaldlega skipt sköpum og gert það að verkum að maður náði að gera þetta litla auka sem gerir galdurinn.

Það tekur að meðaltali fimm ár að framleiða kvikmynd, þ.e.a.s. frá því að hugmynd fæðist og þangað til myndin fer í dreifingu. Þegar um er að ræða lítið fyrirtæki eins og Netop Films sem einbeitir sér að fáum verkefnum í einu og sérhæfir sig í evrópskum samframleiðslum, gerir MEDIA áætlunin það að verkum að verkefni verða vandaðri og ná betur til áhorfenda.

„Hrútar“ var fyrsta kvikmynd fyrirtækisins til að fá styrk til dreifingar frá MEDIA áætluninni árið 2015 og fór myndin til 25 landa. Næst fékk kvikmyndin „Undir trénu“ dreifingarstyrk árið 2018 og fór til 29 landa og loks fékk kvikmyndin „Héraðið“ bæði þróunarstyrk og einnig dreifingarstyrk frá


MEDIA á síðasta ári og fór myndin til 28 landa. Myndunum hefur gengið mjög vel og unnið til yfir 50 alþjóðlegra verðlauna á kvikmyndahátíðum út um allan heim. Hátíðir eru eitt, en almenna dreifingin í kvikmyndahúsum er annað og ég er stoltur af því að þar hafi tekist vel til með hjálp MEDIA dreifingarstyrkja, í góðri samvinnu við sölufyrirtæki og dreifingaraðila.

Þátttaka í Creative Europe/MEDIA hefur veitt okkur aukið svigrúm til frekari og oftast fjárfrekrar þróunar - sem hefur skilað sér í betri framleiðslustrúktúr og góðu flæði á tökutímabili. Jafnvel mikilvægara eru þau sambönd og tengsl sem hafa myndast - sérstaklega með samframleiðendum. Gott tengslanet og traustur samstarfsgrunnur gerir Netop Films kleift að ráðast í fjölbreyttari, stærri og metnaðarfullri verkefni - en einnig skella sér í búning meðframleiðanda. Evrópusamstarf getur víkkað sjóndeildarhring kvikmyndagerðarmanna, bæði þegar kemur að sögum sem á að segja, hvernig þær eru sagðar og hverjum þeir vilja vinna með. Samstarf með hæfu fólki getur aukið færni og verið mjög lærdómsríkt. Samstarf milli landa veitir einnig aðgang að auknu fjármagni og betri dreifingu - sem getur leitt af sér stærri og vandaðri verkefni.“

“

Árið 2020 er það allra gjöfulasta í evrum talið frá því að Íslendingar hófu að taka þátt í MEDIA áætluninni árið 1992. Búið er að úthluta 1.803.051 evru á árinu til íslenskra verkefna og fyrirtækja. Þetta er einstakur árangur, sérstaklega í ljósi ástandsins sem ríkir í heiminum vegna útbreiðslu COVID.

Íslenskar kvikmyndir hafa átt góðu gengi að fagna um árabíl og á síðustu árum eru íslenskar sjónvarpsþáttaraðir orðnar eftirsóttar hjá sjónvarpsstöðvum í Evrópu og á streymisveitum. Það er ánægjulegt hversu vel metnir íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru og verk þeirra á alþjóðamarkaðinum.



Svipmyndir frá kynningarstarfi samstarfsáætlana ESB 2014-2020



Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins 2014-2020

